

Samþykkt um verklagsreglur fyrir fagråd Austurbrúar ses.

Um skipan fagråds

Stjórn Austurbrúar ses. er heimilt að skipa í þriggja til sjö manna fagråd til eins árs í senn. Hlutverk fagråds er að vera stjórn til ráðuneytis um stefnumörkun og áherslur í starfsemi stofnunarinnar. Skipan í það á að endurspegla verkefni Austurbrúar og áherslur hverju sinni. Stjórn er heimilt að fjölga í fagråði eða skipa nýja fulltrúa vegna afsagnar ef þörf krefur.

Við val í fagråd getur stjórn haft til hliðsjónar tilnefningar stofnaðila um einstaklinga til stjórnarkjörs. Fyrst og fremst skal stjórn þó velja í fagråd til þess að auka við þekkingu, reynslu og tengsl á þeim sviðum sem stjórn telur mikilvægt hverju sinni.

Um verksvið fagråds

Fagråd stuðlar að því að í Austurbrú verði öflugur samstarfsvettvangur atvinnulífs, menningar, menntunar og stjórnsýslu. Fagråd er stjórn Austurbrúar til ráðuneytis við að móta stefnu og áherslur.

Fagråd skal sýna sjálfstæði við mótun tillagna ef eftir því er leitað en endanleg ákvarðanataka er í höndum stjórnar.

Um fundi fagråds

Stjórn skal funda með fagråði eftir þörfum og eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Framkvæm dastjóri Austurbrúar boðar fundi fagråds og stjórnar Austurbrúar í samráði við formann stjórnar. Heimilt er að boða fagråd til fundar með rafrænum hætti og skal það gert með minnst 7 sólarhringa fyrirvara. Formaður stjórnar Austurbrúar stýrir sameiginlegum fundum stjórnar og fagråds. Jafnframt sér formaður um að fundargerðir séu skipulega færðar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Um kostnað við starfsemi fagråds

Austurbrú greiðir kostnað við ferðir og dvöl fagråðsmanna vegna funda fagråds.

Breytingar á verklagsreglum fagråds

Breytingar á verklagsreglum þessum skulu gerðar með samþykki meirihluta stjórnar og að fenginni umsögn starfsháttanefndar Austurbrúar ses.

Samþykkt á stjórnarfundi Austurbrúar 13. apríl 2016.

